

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 25. janúar 2017

v/ starfsmannaaðstöðu á endurvinnslustöðinni á Breiðhelli

Á endurvinnslustöðinni á Breiðhelli í Hafnarfirði er starfsmannahús sem því miður hefur ekki staðist veður og vosbúð og húsið látið mjög á sjá. Um er að ræða tvö samsett gámahús sem sett voru upp þegar stöðin var byggð. Endurvinnslustöðin er á berangri og veður geta orðið ansi hvöss og beljandi rigning. Er svo komið að húsið lekur allt, kominn fúi og sveppagróður og aðstaðan vart boðleg lengur. Reyndur húsasmiður hefur dæmt húsið ónýtt.

Gróflega hefur verið áætlað að nýtt hús, upp komið með þeim búnaði sem þarf, kosti á bilinu 12 – 15 milljónir. Árið 2013 var tekið lán til framkvæmda á endurvinnslustöðvunum og átti það lán að dekkja uppsetningu móttöku fyrir skilgjaldsskyldar umbúðir á Breiðhelli og Ánanaustum, stækkun Ánanausta og Blíðubakka í Mosfellsbæ. Þessar framkvæmdir eru búnar og hefur með ráðdeild tekist að halda kostnaði nokkru innan við áætlun. Staða lánsins er þannig að afgangur um áramót er rúmlega 18 milljónir sem að öllu jöfnu væri þá greitt inn á lánið. Undirritaður leggur hins vegar til að þessir fjármunir verði nýttir til að endurnýja starfsmannaaðstöðuna á Breiðhelli.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri.